



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 7. júní 2021
1610408/021.00 AKG

Efni: Tillaga um breytingu á samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar

Lagt er til að 1. gr. samþykktarinnar breytist þannig:
Í stað tölunnar „11“ kemur: 13.

Lagt er til að 8. gr. samþykktarinnar breytist þannig:
2. málslíður 1. mgr. verður svohljóðandi:
Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00 í bæjarstjórnarsal að Hábraut 2.

2. málslíður 4. mgr. 10. gr. fellur brott.

Lagt er til að 4. mgr. II. liðar 16. gr. samþykktarinnar breytist þannig:
Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og númer funda.

Lagt er til að 27. gr. samþykktarinnar breytist þannig:
1. málslíður 1. mgr. verður svohljóðandi:
Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm aðalmenn í bæjarráð til eins árs.

Lagt er til að 31. gr. samþykktarinnar breytist þannig:
2. málslíður 2. mgr. verður svohljóðandi:
Aðal- og varamenn af sama framboðslista og áheyrnarfulltrúinn skulu vera varaáheyrnarfulltrúar hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

Lagt er til að 47. gr. samþykktarinnar breytist þannig:
Upphafsaðkvæði greinarinnar verður svohljóðandi:
Kosning í fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

Töluliðir A-liðar verða svohljóðandi:
Forseta og tvo varaforseta bæjarstjórnar skv. 13. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sem skipa forsætisnefnd sveitarfélagsins.

Forsætisnefnd. Bæjarstjórn kys þrjá varamenn.

Tvo skrifara og tvo til vara úr hópi bæjarfulltrúa skv. 14. gr. samþykktar þessarar.

Bæjarráð. Fimm bæjarfulltrúa sem aðalmenn skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 27. gr. samþykktar þessarar. Þeir aðal- og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður, verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

Menntaráð. Sjö aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Skipulagsráð. Sjö aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



2. Umsóknir um styrki til félaga og félagasamtaka greiðslu fasteignaskatts skv. reglum bæjarstjórnar þar um, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Beiðni um endurupptöku á ákvörðunum í ofangreindum málum skal beint til bæjarráðs. Sviðsstjóri eða starfsmenn í hans umboði geta ávallt óskað eftir því að bæjarráð taki ákvörðun í máli. Bæjarráð skal upplýst reglulega um mál sem starfsmenn afgreiða í umboði ráðsins sé eftir því óskað.

Greinargerð

Skv. 11. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn vera á bilinu 11-15 ef íbúar eru 10.000-49.999. Íbúar í Kópavogi eru um 40.000 þegar þetta er ritað. Þegar fjöldi íbúa nær 50.000 skulu fulltrúar í sveitarstjórn vera að lágmarki 15, en að hámarki 23. Lagt er til að skref í fjölgun kjörinna fulltrúa verði tekið til hálfis í ljósi íbúafjölda sveitarfélagsins og bæjarfulltrúum í bæjarstjórn Kópavogs verði fjölgað úr 11 í 13. Breytingin tæki gildi frá og með næsta kjörtímabili. Fjölgun fulltrúa í sveitarstjórn hefur ekki í för með sér fjölgun nefndarmanna í fastanefndum bæjarins, en leiðir þó til þess að einhverjar nefndir fá auka varaáheyrnarfulltrúa. Nettó launakostnaður vegna fjölgunar í sveitarstjórn um tvo bæjarfulltrúa nemur kr. 9.428.324 á ári. Þá er ótalin ófyrirséður kostnaður s.s. vegna mögulegrar fjölgunar áheyrnarfulltrúa og annars kostnaðar.

Staðsetning bæjarstjórnarsalarins er uppfærð í 8. gr. og er nú að Hábraut 2 í stað Fannborgar 2.

Ákvæði 2. ml. 4. mgr. 10. gr. er ekki fylgt í framkvæmd og er því lagt til að ákvæðið falli brott, enda eru fundargerðir aðgengilegar bæjarfulltrúum í fundarmannagátt og á vef bæjarins.

Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í bæjarráði skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum skv. 2. mgr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt ákvæðinu verða aðal- og varamenn af sama framboðslista og hinn kjörni fulltrúi varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar. Er ákvæðinu breytt til samræmis við lögin og gert skýrara.

Lagt er til að kosið verði í menntaráð, skipulagsráð og velferðarráð einu sinni á ári til samræmis við gildandi erindisbréf ráðanna þriggja í stað við upphaf hvers kjörtímabils á fjögurra ára fresti. Þá er óþarfa texti fjarlægður úr ákvæðum ráðanna þriggja sem annað hvort á ekki við lengur eða kemur fram í erindisbréfi þeirra. Þremur nýjum ráðum, sem stofnað hefur verið til á undanförunum árum, Notendaráð í málefnum fatlaðra, Ungmennaráð og Öldungaráð, er bætt inn í samþykktina. Þá eru úrehtar nefndir og ráð sem ekki eru virk lengur fjarlægð úr samþykktinni. Ákvæði sem varða forsætisnefndina eru jafnframt gerð skýrari.

Þá er lagt til að gerðar verði breytingar á samþykktinni að því er varðar framsal til fullnaðarafgreiðslu mála tiltekinna starfsmanna skv. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með það að leiðarljósi að auka skilvirkni og stuðla að hagræðingu og hraðari málsmeðferð í stjórnsýslunni. Eru lagðar til nokkrar breytingar á 52. gr. samþykktarinnar í þeim efnum. Að því er varðar framsal skipulagsráðs til skipulagsstjóra og starfsmanna umhverfissviðs í hans umboði til fullnaðarafgreiðslu mála vísast til meðfylgjandi greinargerða dags. 5. október 2020. Samhljóða ákvæði um framsal ákvörðunarvalds til skipulagsstjóra og starfsmanna umhverfissviðs verður að finna í 12. gr. erindisbréfs skipulagsráðs Kópavogs og er lagt til að sú grein breytist til samræmis við breytingu ákvæðisins í samþykktinni.



Kópavogsbær

Dlgranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs,

Kópavogi, 5. október 2020
1901242/002.03 GEF

Efni: Breytingartillaga á bæjarmálasamþykkt. Framsal á ákvörðunarvaldi v. framkvæmdaleyfa.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal afla framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásjúnd þess, en það er mat hverju sinni hvort að framkvæmd teljist til meiri háttar framkvæmda. Við slíkt mat skal hafa til hliðsjónar stærð svæðis og umfang framkvæmda, varanleika og áhrif á landslag og ásjúnd umhverfisins og önnur umhverfisáhrif, sbr. 3. mgr. 4. gr. í reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Í 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar er að finna upptalningu á framkvæmdum sem geta verið háðar framkvæmdaleyfi, s.s. nýir vegir og enduruppbygging vega, stígar, brýr í dreifbýli, þ.m.t. umferðar- og göngubrýr, umferðarbrýr í þéttbýli, jarðgöng, vegskálar, flugvellir og flugbrautir, hafnarmannvirkir, efnistaka á landi, úr ám, vötnum og af eða úr hafsbotni innan netlaga, stíflur eða breytingar á árfarvegi, þó ekki stíflur vegna virkjana, borun eftir heitu eða köldu vatni, varnargarðar eða fyrirhleðslur vegna ár-, sjó- eða ofanflóða, stofn-, dreifi- og flutningskerfi fráveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fjarskipta, rafveitna og verulegar breytingar á slíkum mannvirkjum, breytingar lands með jarðvegi svo sem efnislosun, landmótun (t.d. manir), urðunarstaðir, nýræktun skóga, hvort sem um er að ræða nytjaskóg eða útivistarskóg eða skógareyðing, uppgæðsla lands á verndarsvæðum, landfyllingar, endurheimt votlendis, framræsing lands, framkvæmdir á skíðasvæðum, tjaldsvæðum, golfvöllum og öðrum svæðum til þróttalðkunar og framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað. Verður þó að ætla að hér sé ekki um tæmandi talningu að ræða heldur þurfi framangreint mat, um hvort framkvæmd sé leyfisskyld ávallt að fara fram. Þá er jafnframt bent á að þó svo að gert sé ráð fyrir framkvæmdum í deiliskipulagi er ekki heimilt að hefja framkvæmdir á leyfisskyldum framkvæmdum fyrr en framkvæmdaleyfi hefur verið gefið út. Er því ekki nægjanlegt að framkvæmdirnar séu heimilaðar í skipulagi. Þá þarf jafnframt að sækja um framkvæmdaleyfi þegar sveitarfélagið sjálft fer í framkvæmdir á bæjarlandi. Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að gríðarlegur fjöldi framkvæmdaleyfa eru afgreitt á ári hverju í Kópavogi.

Líkt og kveðið er á um í skipulagslögum er það á hendi sveitarstjórnar hvers og eins sveitarfélags að heimila veitingu framkvæmdaleyfis. Sveitarstjórn hefur þó heimild til að fela starfsmönnum sveitarfélags fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins, sbr. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Slíkt framsal er þó háð því að það stuðli að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð, sbr. 1. mgr. sömu greinar.

Eins og verklagi við útgáfu framkvæmdaleyfa hjá Kópavogsbæ er nú háttað þarf bæjarstjórn að samþykkja allar framkvæmdir sem háðar eru framkvæmdaleyfi. Líkt og að framan greinir á þetta jafnframt við um þær framkvæmdir sem heimilaðar hafa verið í gildandi deiliskipulagi og/eða eru ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Umfang þeirrar vinnu sem felst í veitingu framkvæmdaleyfa hefur að mati starfsmanna, sem koma að þeirri vinnu, kallað á að verklagið verði einfaldað. Til að auka skilvirkni og hraða málsmeðferð er því lagt til að skipulagsstjóra verður veitt heimild til þess að taka fullnaðarákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfa þegar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 5. október 2020
1908162/002.03 GEF

Efni: Tillaga að breytingu á erindisbréfi skipulagsráðs og bæjarmálasamþykkt Kópavogs.

Í B-lið 52. gr. bæjarmálasamþykktar Kópavogs, sbr. 12. gr. erindisbréf skipulagsráðs Kópavogs er skipulagsstjóra, eða starfsmenn í hans umboði, veitt heimild til að afgreiða eftirfarandi mál án staðfestingar skipulagsráðs:

1. Grenndarkynning tillagna að óverulegum breytingum á deiliskipulagi, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.
2. Grenndarkynning byggingar- og framkvæmdaleyfisumsókna í ódeiliskipulögðum hverfum, skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.
3. Auglýstar skipulagstillögur sem engar athugasemdir berast við, skv. 2. mgr. 36. gr. og 3. málsl. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, nema skipulagsráð ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillögur.
4. Frávísun eða synjun erinda og gerð umsagna um erindi sem beint er til skipulagsráðs eða bæjarráðs og eru ekki í samræmi við skipulagsáætlanir.

Önnur erindi en sem hér að framan greinir er því skylt að vísa til skipulagsráðs til staðfestingar. Skipulagsstjóra hefur því ekki heimild til að fullnaðarafgreiða deiliskipulagsbreytingar sem eru grenndarkynntar án athugasemda. Samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er sveitarstjórn heimilt að grenndarkynna óverulegar breytingar á deiliskipulagi. Samkvæmt 3. tl. hér að ofan er skipulagsstjóra hins vegar veitt heimild til að fullnaðarafgreiða auglýstar skipulagstillögur sem engar athugasemdir berast við. Ef skipulagstillögur eru auglýstar er um að ræða verulegar breytingar á skipulagi. Verður að telja eðlilegt að sama gildi um óverulegar breytingar. Sama má segja þegar byggingarleyfi á ódeiliskipulögðu svæði eru grenndarkynnt án athugasemda, sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

Til að auka skilvirkni og málshraða er því lagt til að bætt verði við töluliðum, svohljóðandi:

„5. Grenndarkynntar skipulagstillögur sem engar athugasemdir berast við, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, nema skipulagsráð ákveði annað.

6. Grenndarkynnt byggingar- og framkvæmdaleyfisumsóknir sem engar athugasemdir berast við skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, nema skipulagsráð ákveði annað. „

Vert er að benda á að ef skipulagsstjóri telur nauðsynlegt að skipulagsráð taki afstöðu til mála sem hann hefur annars heimild til fullnaðarafgreiðslu er þeim vísað til skipulagsráðs.

Virðingarfyllt,

Guðrún Edda Finnbogadóttir
Lögfræðingur